

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

Reykjavík, 29. ágúst 2019

UST201907-177/A.B.

10.04.02

Efni: Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020 - 2032

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 19. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu að endurskoðun á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda skipulagslýsingu og telur hana að skýra og greinargóða.

Sérstök vernd

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins séu votlendi 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri og sjavarfitjar og leirur sem falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (sjá <https://serstokvernd.ni.is/>). Sandmaksleirur eru m.a. á nokkrum stöðum innan sveitarfélagsins t.d. í Botnsfirði en þær eru mjög mikilvægt fæðusvæði tjalds (*Haematopus ostralegus*) og sandlóu (*Charadrius hiaticula*).

Einnig eru stór svæði birkiskóga innan sveitarfélagsins sem falla undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldir eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd þeirra vistkerfa sem falla undir 61. gr laganna.

Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan sveitarfélagsins eru vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar. Starungsmýrarvist er dæmi um vistgerð innan sveitarfélagsins sem hefur mjög háttverndargildir með ríkulegur fuglalífi þar sem algengustu varpfuglar eru m.a. lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og þúfutittlingur (*Anthus pratensis*).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi verndun vistgerða með hátt verndargildi og búsvæðum fugla.

Dýralif

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ tekur saman válista yfir lífríki landsins, en válistar eru skrár yfir lífverutegundir sem eiga undir högg að sækja eða eru taldar vera í útrýmingarhættu.

Umhverfisstofnun vill benda á að m.a eru selir skráðir á válista NÍ (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu.

Innan sveitarfélagsins eru selalátur sem eru staðsett m.a. við Mela, Leirárvog og í Hvalfirði <http://selalatur.ni.is/>

Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að það komi fram hver stefna sveitarfélagsins í verndun tegunda sem eru í hættu og varðandi verndun selalátra.

Hvalfjörður

Umhverfisstofnun vill benda að innan sveitarfélagsins er svæði á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) sem kallast Hvalfjörður (<https://www.ni.is/greinar/svhvalfjordur>).

NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaráætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja.

Tillögurnar hafa ekki hlutið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin og aðra hagmunaaðila, en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaráætlun (B- hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Samkvæmt upplýsingum frá NÍ er forsenda fyrir vali á svæðinu sú að fjörulengjan sem heild skartar mjög fjölbreytilegum vistgerðum, einkum kræklingaleirum. Mjög víða eru tiltölulega stórar skera- og sandmaðksleirur.

Mikið fuglalíf árið um kring og telst það alþjóðlega mikilvægt fyrir fargestina margæs (*Branta bernicla*) og rauðbrysting (*Calidris canutus*). Hið sama á við um vetrargestina